



Rósinkrans

Einu sinni var fiðlan ný meðal germana. Nýkomin frá Ítalíu og óendanlega forvitnileg uppspretta tilrauna og kannana. Einn villtasti, áræðnasti könnuður hins nýja hljóðfæris var hinn tékknesk-austurríski Heinrich Ignaz Franz von Biber; hann teygði hljóma fiðlunnar og togaði eftir ótrúlegustu leiðum inn á lendur sem varla nokkur maður hefur farið síðan. Hér gefur að heyra sönötur úr leyndardómum Rósinkransins – strengjaflækuhugun um gleði, þrautir og dýrð á og upp úr ævi Maríu guðsmóður – og afar skrautlegar sönötur *Harmonia Artificiosa Ariosa* fyrir tvær fiðlur. Fiðlan í öðru veldi, í öllu sínu veldi, ung og ótamin enn.

Flytjendurnir

Gabriel, Marie, Joseph – og Steinunn sem hefur kannski átt að heita Jesús – komu úr tveim áttum, frá Lyon og París, og sameinuðust á orgelverkstæði í Alsace til þess að kljást við fiðlusönötur Bibers. Hvort það var nærvera gamla Silbermann-orgelsins eða bara ótæmanleiki viðfangsefnisins og 330 ára gamall, ódauðlegur innblástur tónskáldsins, þá hafa sönöturnar loðað við þau síðan, eða þau við þær. Hafa þau í þrígang leikið Biber-sönöturnar austast og vestast í Frakklandi, en liggur nú leið þeirra um Ísland syðra og nyrðra áður en Frakklandsævintýrið heldur áfram.

Gabriel og Steinunn námu fiðlu- og sellóleik við barokkdeild Parísarkonservatorísins, en Marie og Joseph við barokkdeild Lyon-konservatorísins. Starfa þau öll sem barokktónlistarmenn í Frakklandi og haldast þar í hendur kammer- eða einleikstónlist, starf sem helstu barokkhljómsveitum landsins og kennsla við tónlistarháskólana í Poitiers og Amilly.